



## 1. gr. Um gráðanir

1.1 Gráðun er, jafnt innan kyu-gráðana og dan-gráðana, grundvölluð á skilningi, leikni og þekkingu á judo. Einnig má taka tillit til framkomu og starfa hlutaðeigandi fyrir judo þegar gráðað er.

1.2 Sá sem ætlar sér að fara í dan gráðupróf skal sækja um það til JSÍ á þar til gerðu eyðublaði með tveggja vikna fyrirvara fyrir auglýst gráðupróf.

1.3 Í verkefnaskrá fyrir mismunandi gráður, er tekið fram hvaða skilyrðum judoka verður að fullnægja til að fá gráðuhækkun.

1.4 Judoka skal, sjálfur í samráði við þjálfara sinn, sjá sér fyrir tæknilegri þjálfun undir gráðanir.

1.5 Um gráðun unglings 11-14 ára gilda sömu reglur og fyrir gráðun fullorðinna (15 ára og eldri), að undanteknum lásum (KANSETSU-WAZA) og hengingum (SHIME-WAZA) og að hverja kyu gráðu má taka í tveimur áföngum (fyrri og seinni hluti) sbr. verkefnaskrá 2.gr. Þegar unglingur hefur náð 15 ára aldri skal hann, við næsta gráðupróf, sýna kunnáttu í lásum og hengingum þeirra gráða, sem hann hefur öðlast áður en næsta gráða er tekin. Unglingar 15 ára og yngri geta ekki öðlast hærri gráðu en 1.kyu. Judokar 15 ára og eldri taka allar gráðanir í einum áfanga.

Börn 10 ára og yngri eru ekki gráðuð af JSÍ og heldur JSÍ því enga skrá um þær gráðanir. Þau taka próf á vegum síns judoófélags samkvæmt verkefnaskrá 2.gr. Viðurkenningarskjöl frá JSÍ eru veitt fyrir dan gráðanir.

1.6 Gráðanir til og með 1.kyu skulu judofélögin sjá um sjálf og fá til þess gráðuprófdómara. Gráðuprófdómari er útnefndur af tækniráði og gildir suí útnefning í tvö. Áður en judomaður (judoka) verður settur gráðunarprófdómari þarf viðkomandi að hafa náð 21 árs aldri, hafa að lágmarki gráðuna 1. dan og hafa sótt og staðist námskeið fyrir gráðuprófdómara. Tækniráð heldur námskeið fyrir gráðuprófdómara einusinni til tvisvar á ári og auglýsir á vef JSÍ með fjögurra vikna fyrirvara. Stjórn JSÍ ákveður gjaldið sem greiða þarf fyrir þáttöku í námskeiðunum. Judofélag/klúbbur sækir um gráðuprófdómararéttindi fyrir viðkomandi judomann. Misnoti prófdómari gráðunarréttindin, eða gráði án gildandi gráðunarréttinda, er hægt að beita prófdómara viðurlögum með því að fella niður réttindi hans í tvö ár. Ef um er að ræða gráðun án réttinda er að auki heimilt að beita klúbbinn sem notaði prófdómarann viðurlögum. Í báðum tilfellum er það stjórn JSÍ sem leiðir samtalið við prófdómara og viðkomandi klúbb og tekur ákvörðun um möguleg viðurlög. Hvert félag getur gráðað hvenær sem er ársins en mest eitt belti á ári eða tvö hálf og verður það mat þjálfara hvort nemí sé hæfur í próf og hversu langt líður á milli hálfu beltana. Ekki þarf að senda beiðni um gráðun til JSÍ fyrir 1.kyu og lægri gráður. Tækniráð, sér um allar dan gráðanir og skulu minnst tveir prófdómarar vera viðstaddir og annar þeirra alltaf vera hærra gráðaður en sa sem prófið þreytir. Dan gráðupróf skulu vera minnst tvö á ári og fara fram á tímabilinu nóvember til desember og apríl til maí. Einungis er hægt að hækka um eina kyu gráðu á ári nema undantekning (gr. 1.9) leyfi annað. Dan gráðupróf skal auglýst á heimasíðu JSÍ og tilkynning send til judofélaga.



1.7 Þegar gráðun er lokið, (heilt belti) skal senda gögn þess efnis í gagnagrunn JSÍ ásamt gráðugjaldi og tekur gráðunin gildi þegar fulltrúi tækniráðs hefur staðfest hana í gagnagrunni JSÍ og gráðugjald hefur verið greitt. Ekki er rukkað gráðugjald fyrir hálfu beltin einungis þegar heilt belti er klárað og ekki þarf að senda prófskýrslur vegna þeirra.

- 1.8 Árangur á alþjóðamótum telst vera að hafa einhvern tíma á ferlinum í seniora flokki;
- Verið í 1-7 sæti á European Cup eða sterkari mótm eins og mótaröð IJF, EM, HM, ÓL eða önnur þau mótt sem tækniráð metur sterkari.
  - Unnið á sama móti tvær viðureignir á: IJF mótaröð seniora, EM eða HM.
  - Unnið gullverðlaun á NM.

1.9 Heimilt er tækniráði, með samþykki stjórnar JSÍ, að gráða þá judoka upp, sem því finnst hafa til þess unnið í keppnum innan lands eða utan. Ávallt skal, í slíkum tilfellum, taka tillit til ferils og framkomu viðkomandi judoka, jafnt í keppni sem utan hennar. Meginreglan skal vera sú, að hækka judoka aðeins um eina gráðu, þó má gera undantekningu á, ef um kyu-gráðaðan judoka er að ræða.

1.10 Heiðursgráðu og undanþágu frá gráðuskilyrðum er hægt að veita með samþykki stjórnar JSÍ. Tillögur þess efnis með rökstuðningi skulu sendar stjórn JSÍ og koma frá stjórnunum judofélaga en ekki einstaklingum og víesar stjórn erindinu til tækniráðs til umsagnar. Vinnuframlag til JSÍ skal haft til hlíðsjónar þegar virkni innan íþróttarinnar er metin. Skilyrði er að judoka sem veita á undanþágu sé virkur iðkandi. Judoka sem veitt var heiðursgráðun eða fékk undanþágu frá gráðuskilyrðum öðlast ekki sjálfkrafa réttindi til næstu gráðunnar.

1.11 Alþjóða judosambandið (IJF) viðurkennir aðeins þær gráður, sem aðildar land hefur veitt sínum eigin meðlimum. Ekkert aðildar land má veita meðlimum annars aðildar lands gráðu án skriflegs samþykkis þess aðildar lands. Sérhver gráða, sem uppfyllir ekki þetta skilyrði mun ekki verða samþykkt af Alþjóða judosambandinu.

#### *IJF Statutes*

##### *Article 24 - Grades and “dan” ranks*

###### *24.1 Official recognition of grades*

*The IJF (International Judo Federation) officially recognizes only those grades and “dan” ranks which are awarded by the Member National Federations to their own members, to the exclusion of all others. A National Federation may not award a grade and/or a “dan” rank to a member of another Member National Federation or of the nationality of this Federation without the written agreement of that Federation. Any grade or “dan” rank awarded without this agreement will not be validated by the IJF. Each Member National Federation is in charge of representing the IJF for the purpose of ensuring compliance with international regulations on grades and “dan” ranks throughout its national territory.*

1.12 Óheimilt er judoka að bera aðra en eigin gráðu án leyfis JSÍ, hvort heldur er á mótm eða æfingum.



## 2. gr. Verkefni fyrir kyu-gráðanir

### 2.1 Almenn skilyrði vegna verkefna fyrir kyu-gráðanir.

Öll kastbrögð (NAGE-WAZA) skal sýna bæði í kyrrstöðu og á hreyfingu. Öll fastatök (OSAEKOMI-WAZA) skal sýna þannig af bæði er sínt hvernig á að halda takinu og a.m.k. eina aðferð við það hvernig á að losa sig úr því.

15 ára og eldri skulu sýna a.m.k. eina aðferð við það hvernig á að komast inn í fastatök (OSAEKOMI-WAZA), lása (KANSETSU-WAZA) og hengingar (SHIME-WAZA).

### 2.2 6. kyu = hvítt belti

Allir byrjendur í judo eru 6.kyu og börn 10 ára og yngri geta ekki hækkað upp úr þeirri gráðu fyrr en á 11. ári. Judokar 10 ára og yngri skulu leysa neðangreind verkefni og fá viðeigandi strípur á belti sín af því loknu.

#### Verkefni 10 ára og yngri eru eftirfarandi:

Allir:	Fyrsta önn:	Ushiro-ukemi (fallæfing á bakið), Yoko-ukemi (fallæfing á hlið) og skilja rei.
Önnur önn:		Mae-mawari-ukemi (Judokollhnís) og skilja Hajime, Matte, Soremade, Tori og Uke.
Priðja önn:		Skilja stigagjöf “Waza ari, Ippon” og “Shido” (refsistig)
Fjórða önn:		Skilja “Osaekomi” (fastatak hefst) og “Toketa” (fastatak rofið) Kunna að binda beltið.
6 ára.	Fyrri önn:	O-soto-gari
	Seinni önn:	Kesa-gatame, sýna hvernig komast má í bragðið og losa sig úr því.
7 ára.	Fyrri önn:	O-soto-gari og Ouchi-gari
	Seinni önn:	Kuzure-kesa-gatame, sýna hvernig komast má í bragðið og losa sig úr því.
8 ára	Fyrri önn:	O-soto-gari og Ouchi-gari
	Seinni önn:	Tsurikomi-goshi, Yoko-shiho-gatame, (hvernig komast má í bragðið og losna).
9 ára.	Fyrri önn:	O-soto-gari, Ouchi-gari, Tsurikomi-goshi
	Seinni önn:	O-goshi, Kami-shio-gatame, sýna hvernig komast má í bragðið og losna.
10 ára	Fyrri önn:	O-soto-gari, Ouchi-gari, Tsurikomi-goshi, Kesa-gatame (komast í bragð og losna)
	Seinni önn:	Renraku-waza (bragðfléttur) Tsurikomi-goshi → O-soto-gari, Ouchi-gari → Kesa-gatame

Litir (strípur) eru settar á enda hvítra belta í þessari röð. Fjólublár litur fyrir 6 ára og yngri. gulur fyrir 7 ára, rauður fyrir 8 ára, grænn fyrir 9 ára og blár litur fyrir 10 ára.

Börn 6 ára og yngri fá fjólubláa strípu fyrir hverja önn þar til þau verða 7 ára. Fyrri önn telst vera janúar til maí og seinni önn september til desember. Má nota aðra liti í stað fjólubláa litarins ef það hentar betur en þó ekki gulan, rauðan, grænan eða bláan lit.



## 2.3     **5. kyu = gult belti**

### **Fyrri hluti: (belti er hvítt m/gulri rönd) ☺**

Ukemi: Kunna Yoko-ukemi og Ushiro-ukemi.

Þekkja og sýna eftirfarandi brögð:

- NAGE-WAZA: Osoto-gari , O-goshi, Ouchi-gari.
- OSAEKOMI-WAZA: Kesa-gatame.

Ýmislegt: Þekkja eftirtalin orð

- Ukemi, Nage-waza, Katame-waza.

### **Seinni hluti: gult belti**

Ukemi: Kunna Mae-mawari-ukemi og þekkja Rei.

Þekkja og sýna eftirfarandi brögð:

- NAGE-WAZA: Kouchi-gari ,Tsurikomi-goshi, Sasae-tsurikomi-ashi.
- SHIME-WAZA: Kata-juji-jime, Hadaka-jime
- KANSETSU-WAZA: Juji-gatame.

Ýmislegt.: Þekkja eftirtalin orð og merki dómara í keppni:

- Ippon, Waza-ari, Waza-ari-awasete-Ippon.

## 2.4     **4. kyu = appelsínugult belti**

### **Fyrri hluti: (belti er hvítt eða gult m/appelsínugulri rönd) ☺**

Þekkja og sýna eftirfarandi brögð:

- NAGE-WAZA: Seoi-nage, Tai-otoshi.
- OSAEKOMI-WAZA: Kuzure-kesa-gatame.

Ýmislegt.: Þekkja eftirtalin orð:

- Te-waza, Koshi-waza, Ashi-waza.

### **Seinni hluti: appelsínugult belti**

Þekkja og sýna eftirfarandi brögð:

- NAGE-WAZA: Harai-goshi, Harai-Tsurikomi-Ashi
- OSAEKOMI-WAZA: Kami-shihō-gatame.
- SHIME-WAZA: Gyaku-juji-jime, Nami-juji-jime
- KANSETSU-WAZA: Ude-garami.

Ýmislegt.: Þekkja eftirtalin orð og merki dómara í keppni:

- Hajime, Sore-made, Mate, Osaekomi, Toketa.



## 2.5    3. kyu = grænt belti

### Fyrri hluti: (belti er hvít eða appelsínugult m/grænni rönd)

Þekkja og sýna eftirfarandi brögð:

- NAGE-WAZA: De-ashi-barai, Okuri-ashi-barai, Ushiro-goshi.
- OSAEKOMI-WAZA: Yoko-shiho-gatame.

Ýmislegt.: Þekkja eftirtalin orð:

- Sutemi-waza, Ma-sutemi-waza, Yoko-sutemi-waza.

### Seinni hluti: grænt belti

Þekkja og sýna eftirfarandi brögð:

- NAGE-WAZA: Sode-tsurikomi-goshi, Hikkikomi-Gaeshi, Tani-Otoshi
- OSAEKOMI-WAZA: Kuzure-kami-shiho-gatame
- SHIME-WAZA: Okuri-eri-jime , Kataha-jime.
- KANSETSU-WAZA: Ude-gatame.

Ýmislegt.: Þekkja eftirtalin orð og merki dómara í keppni:

- Sono-mama, Yoshi, Kachi.

## 2.6    2. kyu = blátt belti

### Fyrri hluti: (belti er hvít eða grænt m/blárri rönd)

Þekkja og sýna eftirfarandi brögð:

- NAGE-WAZA: Kata-guruma, Hane-goshi, Ko-soto-gari.
- OSAEKOMI-WAZA: Ushiro-kesa-gatame.

Ýmislegt.: Þekkja eftirtalin orð: - Tori, Uke, Shomen.

### Seinni hluti: blátt belti

- NAGE-WAZA: Soto-maki-komi, Ashi-guruma, Hiza-guruma
- OSAEKOMI-WAZA: Tate-shiho-gatame.
- SHIME-WAZA: Ryo-te-jime, Tsukkomi-jime.
- KANSETSU-WAZA: Hiza-gatame.

## 2.7    1.kyu = brúnt belti.:

Þekkja og sýna eftirfarandi brögð:

- NAGE-WAZA:  
Uchi-mata, Koshi-guruma, Tomoe-nage, Ko-Soto-Gake, Yoko-Otoshi, Ura-Nage
- OSAEKOMI-WAZA: Kata-gatame.
- SHIME-WAZA: Sode-guruma-jime, Sankaku-jime (2 mism. aðferðir).
- KANSETSU-WAZA: Waki-gatame, Hara-Gatame.

Ýmislegt.: Þekkja eftirtalin orð:

- Randori, Kata, Atemi-waza.

- Almenn þekking á keppnisreglum



**3. gr.  
Verkefni fyrir Dan gráðanir.**

**3.1 1. Dan**

Uppfylla skilyrði I eða II.

**Skilyrði I:**

- Tími sem 1.kyu eitt ár.
- Árangur: 1-3 sæti sem 1.kyu á einhverju eftirfarandi senioramóta, ÍM, RIG, NM, Matsumae Cup, European Cup eða öðrum mótmum sem JSÍ samþykkir og unnið þar minnst 2 glímur.
- Hafa unnið sem 1.kyu samtals tíu viðureignir á ofangreindum mótmum eða á HM eða VM JSÍ í flokki seniora eða öðrum mótmum sem JSÍ samþykir samkvæmt ofangreindu.
- Hafa setið dómaranámskeið JSÍ og staðist mat.

**Skilyrði II:**

- Tími sem 1. kyu þrjú ár.
- Hafa setið dómaranámskeið JSÍ og staðist mat
- Störf innanlands, uppfylla skilyrði A eða B.
- Skilyrði A. Hafa starfað á 18 mótmum (allt mótið) á vegum JSÍ. Störf á mótmum eru fyrst og fremst mótsstjórn, tímavörður, dómgaðsla og umsjón tækjabúnaðar.
- Skilyrði B. Hafa unnið í stjórn JSÍ eða nefndum á vegum JSÍ í 3 ár samfleytt og mætt á fundi og skilað þeim verkefnum sem honum var falið.
- Hafi viðkomandi unnið í stjórn JSÍ skemur en 3 ár telst sá tími sem hann var í stjórn honum til tekna og þarf því að starfa á þeim mun færri mótmum til að uppfylla skilyrði A en eitt ár telst sem 6 mótm.

**Verkefni:**

- Sýna (útskýra) sem kennari eftirfarandi sem prófdómari setur fyrir.:  
Tvö TE-WAZA, tvö KOSHI-WAZA, tvö ASHI-WAZA, tvö OSAEKOMI-WAZA, tvö SHIME-WAZA og tvö KANSETSU-WAZA. Pessi brögð má, sá er reynir við gráðun, sýna annað hvort sem grundvallarbrögð, eða eigin útfærslur og bæði frá hægri og vinstri. Próftaki skal vera viðbúinn að sýna brögðin sem prófað er úr sem hluti af bragðfléttum og mótbögð gegn þeim.
- Vera viðbúinn að útskýra brögðin og svara spurningum um þau.
- Sýna NAGE-NO-KATA: þ.e. TE-WAZA, KOSHI-WAZA, ASHI-WAZA (allar 3 seríur sem Tori og 1 seríu sem Uke). Gefin eru stig frá 0-10 fyrir hvert bragð og þarf próftaki að ná 70% árangri. Góð þekking á keppnisreglum.

**3.2 2. Dan**

**Skilyrði:**

- Tími sem 1.dan fjögur ár.  
Stytta má tímann um hámark tvö ár, ef próftaki hefur verið keppandi á tímabilinu.  
Ef hann hefur keppt samtals á fjórum mótmum, hvort heldur JSÍ eða alþjóðlegum mótmum á einu keppnistímabili styttist tíminn um eitt ár en tvö ár ef mótin eru átta á tveim keppnistímabilum.  
Keppnistímabilið er frá 1. september til 31. ágúst.
- Árangur: 1-3 sæti sem 1.dan á einhverju eftirfarandi senioramóta, ÍM, RIG, NM, Matsumae Cup, European Cup eða öðrum mótmum sem JSÍ samþykkir og unnið þar minnst 2 glímur.
- Hafa unnið sem 1.dan samtals tíu viðureignir á ofangreindum mótmum eða HM eða VM JSÍ í flokki seniora eða öðrum mótmum sem JSÍ samþykir samkvæmt ofangreindu.

**Verkefni:**

- Sýna NAGE-NO-KATA (allar 5 seríur sem Tori og 2 seríur sem Uke) og Renraku-Waza (bragðfléttur) 5 brögð, og Henka-Waza (mótbögð) 3 brögð sem prófdómari setur fyrir.:  
- Vera viðbúinn að útskýra brögðin og svara spurningum um þau.



### 3.3     **3. Dan**

**Skilyrði :**

- Tími sem 2.dan fimm ár.

Stytta má tímánn um hámark tvö ár, ef próftaki hefur verið keppandi á tímabilinu.

Ef hann hefur keppt samtals á fjórum mónum, hvort heldur JSÍ eða alþjóðlegum mónum á einu keppnistímabili styttist tíminn um eitt ár en tvö ár ef mótin eru átta á tveim keppnistímabilum. Keppnistímabilið er frá 1. september til 31. ágúst.

**Verkefni:**

- Sýna 20 NAGE-WAZA af IJF waza lista og útskýra sem kennari 5 þeirra að vali pröfdómara.
- Vera viðbúinn að útskýra brögðin og svara spurningum um þau.
- Sýna KATAME-NO-KATA (allar 3 seríur sem Tori og 1 seríu sem Uke).

### 3.4     **4. Dan**

**Skilyrði :**

- Tími sem 3.dan sex ár.

Stytta má tímánn um hámark tvö ár, ef próftaki hefur verið keppandi á tímabilinu.

Ef hann hefur keppt samtals á fjórum mónum, hvort heldur JSÍ eða alþjóðlegum mónum á einu keppnistímabili styttist tíminn um eitt ár en tvö ár ef mótin eru átta á tveim keppnistímabilum. Keppnistímabilið er frá 1. september til 31. ágúst.

- Árangur á alþjóðamótum sbr. gr. 1.8.

**Verkefni:**

- Sýna 5 Sutemi-Waza og KIME-NO-KATA (allt sem Tori).
- Útskýra sem kennari 9 fyrstu brögðin í NAGE-NO-KATA eða 10 fyrstu í KATAME-NO-KATA (allt sem Tori).
- Pekking á dómarareglum og keppnisreglum og vera viðbúinn að svara spurningum um þær.

### 3.5     **5. Dan**

**Skilyrði :**

- Tími sem 4.dan sex ár.

Stytta má tímánn um hámark tvö ár, ef próftaki hefur verið keppandi á tímabilinu.

Ef hann hefur keppt samtals á fjórum mónum, hvort heldur JSÍ eða alþjóðlegum mónum á einu keppnistímabili styttist tíminn um eitt ár en tvö ár ef mótin eru átta á tveim keppnistímabilum. Keppnistímabilið er frá 1. september til 31. ágúst.

- Árangur á alþjóðamótum sbr. gr. 1.8. og störf í þágu judo.

**Verkefni:**

- Sýna KODOKAN –GOSHIN-JUTSU (allt sem Tori)
- Pekking á dómarareglum og keppnisreglum og vera viðbúinn að svara spurningum um þær.



### 3.6     **6. Dan**

#### **Skilyrði :**

- Tími sem 5.dan sex ár.  
Stytta má tímann um hámark tvö ár, ef próftaki hefur verið keppandi á tímabilinu.  
Ef hann hefur keppt samtals á fjórum mónum, hvort heldur JSÍ eða alþjóðlegum mónum á einu keppnistímabili styttist tíminn um eitt ár en tvö ár ef mótin eru átta á tveim keppnistímabilum.  
Keppnistímabilið er frá 1. september til 31. ágúst.
- Árangur á alþjóðamótum sbr. gr. 1.8. og störf í þágu judo.

#### **Verkefni:**

- Fræðilegt: JU-NO-KATA (bæði sem Tori og Uke)
- Pekking á dómarareglum og keppnisreglum og vera viðbúinn að svara spurningum um þær.

### 3.7     **7-10. Dan**

Veitt samkvæmt ákvörðun tækniráðs og stjórn JSÍ og reglum Evrópujudosambandsins (EJU) og Alþjóðajudosambandsins (IJF).

#### **4. gr.**

Gráðudómari getur frestað að kveða upp úrskurð um gráðum, vísað til tækniráðs JSÍ til endanlegs úrskurður, ef hann er í vafa, annað tveggja, hvort keppandi er verður gráðunar, sem hann hefur tæknilega staðist (sjá fyrstu skilgreiningu á gráðun í 1. grein), eða hvort réttlátara væri að hann bæri hærri gráðu. Sé tækniráð ósammála, eða telji gráðuna hæpna, getur það vísað málínus til ársþings JSÍ.

#### **5. gr.**

Reglur þessar öðlast gildi, þegar ársþing JSÍ hefur samþykkt þær.

#### **6. gr.**

Aðeins ársþing JSÍ getur breytt reglum þessum.

Útgefin með breytingum:

- eftir 14.ársþing JSÍ 08.06.1985
- eftir 31.ársþing JSÍ 22.08.2002
- eftir 32.ársþing JSÍ 04.04.2003
- eftir 35.ársþing JSÍ 22.04.2006
- eftir 36.ársþing JSÍ 31.03.2007
- eftir 37.ársþing JSÍ 26.04.2008
- eftir 38.ársþing JSÍ 25.04.2009
- eftir 40.ársþing JSÍ 02.04.2011
- eftir 41.ársþing JSÍ 24.03.2012
- eftir 43.ársþing JSÍ 17.05.2014
- eftir 45.ársþing JSÍ 28.05.2016
- eftir 47.ársþing JSÍ 19.05.2018 - Skýring: Þeir sem uppfylltu fyrri skilyrði til dan gráðunar (regl. 28.05.16) halda þeim rétti.
- eftir 48.ársþing JSÍ 25.05.2019
- eftir 49.ársþing JSÍ 23.05.2020
- eftir 50.ársþing JSÍ 24.04.2021
- eftir 52.ársþing JSÍ 21.05.2023

**Litir belta í gráðukerfi JSÍ fyrir 11 ára og eldri.**

Allir byrja með hvítt belti sem er

**6. kyu**

Fyrri hluti 5. kyu hvítt belti með gulri rönd

**5. kyu**

Fyrri hluti 4. kyu hvítt eða gult belti með appelsínugulri rönd

**4. kyu**

Fyrri hluti 3. kyu hvítt eða appelsínugult belti með grænni rönd

**3. kyu**

Fyrri hluti 2. kyu hvítt eða grænt belti með blárrí rönd

**2. kyu****1. kyu****1-5. dan****6-8. dan****9-10. dan**

**Litir belta í gráðukerfi JSÍ fyrir 10 ára og yngri.**

Hvít belt + fjóluhlá strípa þýðir að judoka er 6 ára eða yngri og hefur lokið einni önn		
Hvít belt + gul strípa þýðir að judoka er 7 ára og hefur lokið einni önn		
Hvít belt + 2 gular strípur þýðir að judoka er 7 ára og hefur lokið tveimur önnum		
Hvít belt + rauð strípa þýðir að judoka er 8 ára og hefur lokið einni önn		
Hvít belt + 2 rauðar strípur þýðir að judoka er 8 ára og hefur lokið tveimur önnum		
Hvít belt + græn strípa þýðir að judoka er 9 ára og hefur lokið einni önn		
Hvít belt + 2 grænar strípur þýðir að judoka er 9 ára og hefur lokið tveimur önnum		
Hvít belt + blá strípa þýðir að judoka er 10 ára og hefur lokið einni önn		
Hvít belt + 2 bláar strípur þýðir að judoka er 10 ára og hefur lokið tveimur önnum		

**Dæmi:**

Samkvæmt þessum strípum hefur judoka æft í 2 1/2 ár, byrjað 8 ára og hefur lokið síðustu önn sem 10 ára.						
--	--	--	--	--	--	--